

Fundur Fagdeildar Sjúkraflutninga

Haldinn á Slökkvilstöðinni Hafnarfirði, 2.6.2014

Mættir: Njáll Pálsson, Ingólfur Bragason, Gústav Alex Gústavsson, Anton Carrasco

Hermann Marinó tilkynnir forföll

Gestir: Sverrir Björn Björnsson, formaður LSS v. 1)

Njáll formaður setur fundinn og bíður stjórnarmenn velkomna til 1sta fundar nýkjörinnar stjórnar.

1) SBB kynnir málefni fagráðs Sjúkraflutningaskólans

Tillögur HS (Hildigunnar Svavarsdóttur) um að leggja niður fagráð Sjúkraflutningaskólans og Fagráð sjúkraflutninga og stofna eitt fagráð þess í stað. Umræða varðandi ráðningu nýs skólastjóra Sjúkraflutningaskólans.

Niðurstaða: Fagdeild falið að ræða málið og koma tillögum til stjórnar LSS varðandi framtíðarskipulag fagráðs og Sjúkraflutningaskólans.

2) Umræður varðandi 1)

Stjórn fagdeildar telur rétt að LSS eigi tvo fulltrúa í nýju Fagráði, þ.e. tveir fulltrúar úr stjórn Fagdeildar sjúkraflutninga.

Niðurstaða: Fagdeild leggur til að stjórn LSS skipi NP og AC í nýtt Fagráð. Lagt til að GAG verði varamaður.

3) Menntunarmál

a) Málefni bráðatæknisnáms

NP lagði fram fyrirspurn á fundi Fagráðs sjúkraflutninga varðandi stöðu bráðatæknisnáms á Íslandi. Svörin voru á þá leið að lítið hefði þokast í málinu undanfarin ár.

Fagdeildin telur þörf á bráðatæknisnámi og einnig að næg eftirspurn sé til staðar.

NP upplýsir að Fagráð sjúkraflutninga hafi lagt til að formlegar viðræður við HA verði hafnar vegna málsins á haustdögum.

b) Menntunarmál – nýtt fyrirkomulag

Sjúkraflutningaskólinn kominn á fjárlög – 15 milljónir/ár. Þörf á að bæta endurmenntun sjúkraflutningamanna.

Stefnt á að starta nýju námsfyrirkomulagi (B+I) á nýju ári. Umræða um nauðsyn þess að kynna málið vandlega gagnvart stofnunum og tilvonandi nemendum áður en farið er af stað með námið. Minnt er á ályktun 15.þings LSS varðandi lágmarksmönnun á sjúkrabílum.

4) Verkferlar

Rætt um rafræna vs. bókarútgáfu vinnuferla. Fagdeildin sammála um að stefna á áframhaldandi útgáfu vinnuferla á bókarformi sem þó er auðveldlega uppfæranleg á rafrænan hátt.

Rætt um stuðningsmeðferð við háls og hrygg – bakbretti, grjónadýnur, skröpur, hálskraga o.fl. Rætt um gildi meðferðarleiðbeininga sem hluta af vinnuferlum. Rætt um mögulegt samstarf við aðrar stéttir varðandi vinnuferla.

Fagdeildin stefnir á útgáfu nýrra vinnuferla haustið 2015 í kjölfar nýrra endurlífgunarleiðbeininga frá ERC.

5) Sjúkrabílar

NP kynnir ályktun sína varðandi sjúkrabíla.

Rætt um áhyggjur stéttarinnar vegna fréttu þess efnis að fleiri A sjúkrabílar (flutningsbílar með takmarkaða möguleika á sérhæfðum inngrípum) séu á leiðinni í umferð en ráð var fyrir gert. Stjórn Fagdeildarinnar telur ótækt að fækkun B/C sjúkrabíla verði á kostnað fjölgunar A bíla. Stjórn Fagdeildarinnar minnir á ályktun 15.þings LSS um sjúkrabíla og RKÍ.

Niðurstaða: Ályktun NP lögð fram og kynnt á sameiginlegum fundi Fagráðs sjúkraflutninga og rekstraraðila.

Fylgigögn: Ályktun NP varðandi málið
ÍST EN 1789:2007 (Staðlaráð Íslands)
Kröfulýsing um útvegum og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga (útg 5
6. des 2012, Velferðaráðuneytið)

6) Yfirlæknir utanspítalaþjónustu

Viðar Magnússon hefur sagt upp störfum sem yfirlæknir utanspítalaþjónustu. Fagdeildin hefur áhyggjur af þróun mála og leggur áherslu á að staða yfirlæknis utanspítalaþjónustu hafi tök á að sinna málefnum þar að lútandi.

Niðurstaða: Fagdeildin hyggst álykta um stöðuna sem upp er komin og koma henni á viðeigandi aðila.

7) Önnur mál

a) Upplýsingagjöf til félaga

Stjórnin hyggst birta fundargerðir sínar á heimasíðu LSS. Stjórnin hyggst einnig útvega sér sérstakt netfang.

b) Vottun á námi sjúkraflutningamanna

Umræða um stöðuna á námsvottun B og I náms frá Sjúkraflutningaskólanum, þ.e. hvort gráða frá Sjúkraflutningaskólanum sé tekin gild erlendis.

Fulltrúum stjórnar fagdeildarinnar falið að kanna málið innan Fagráðs skólans.

c) Aðkoma að skyndihjálparráði

Hermann, varaformaður stjórnar Fagdeildarinnar, mun sitja í skyndihjálparráði f.h. stjórnar Fagdeildarinnar.

d) Fatamál

Stjórn Fagdeildarinnar leggur til að samræming fatnaðar verði hluti af vinnu Fagráðs sjúkraflutninga varðandi framtíðarskipulag og fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Mínt er á ályktun 15. þings LSS varðandi um fatamál og slökkviliða og rekstaraðila sjúkraflutninga.

8) Næsti fundur fyrirhugaður snemma í haust.

Fundur settur kl. 10:30

Fundi slitið kl. 16:00

AC ritaði fundargerð